

Akraneskaupstaður, kt. 410169-4449, Breið þróunarfélag, kt. 500820-0710 og Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, kt. 710812-0120 gera með sér eftirfarandi

Samning um þátttöku í starfsemi Fab Lab Vesturlands

1. gr.

Um Fab Lab Vesturland

Fab Lab Vesturlands er hluti af Vgamalli fiskvinnslu HB (nú í eigu Brims) sem er samtals um 4.700 m² rannsóknar- og nýsköpunarsetur en hluti Fab Lab rýmis í húsinu eru 307 m² Starfsemi smiðjunnar mun á hverjum tíma vera í samræmi við áherslur Fab Foundation og svæðisbundnar áherslur. Með rekstri á stafrænni smiðju Fab Lab Vesturland er stefnt að því að auka þekkingu og áhuga á verk- og tækninámi í grunn- og framhaldsskólum, auka almennt tæknilæsi og skapandi starf og frumkvöðlamennt. Markmið verkefnisins er enn fremur að skapa vettvang fyrir þróun og prófun hugmynda og efla þannig samkeppnishæfni í nærsamfélagi. Fab Lab Vesturland er hluti samstarfsnets Fab Lab smiðja á Íslandi og tengist jafnframt alþjóðaneti Fab Lab smiðja, Fab Foundation við Massachusetts Institute of Technology (MIT). Fab Lab Ísland heldur utan um og leiðir samstarfsnet Fab Lab smiðja á Ísland. Þeim samstarfsvettvangi er ætlað að tryggja þekkingaryfirfærslu og faglega þróun starfsmanna.

2. gr.

Hlutverk Fab Lab Vesturland

Akraneskaupstaður ber fjárhagslega ábyrgð á rekstri Fab Lab smiðjunnar og leigir m.a. aðstöðu fyrir starfseminni og stendur straum af launakostnaði verkefnastjóra og annarra sem hafa umsjón með starfseminni. Fab Lab Vesturland sinnir fræðslu og þjálfun til kennara í grunn- og framhaldsskólum með árlegum námskeiðum á þessum þremur árum sem samningurinn nær til. Námskeiðin eru fræðsla í notkun á hugbúnaði fyrir Fab Lab ásamt fræðslu og þjálfun í notkun á tækjum Fab Lab smiðjunnar. Verkefnastjóri leiðir tæknilega þróun smiðjunnar og samstarf við notendur hennar ásamt því að miðla þekkingu.

Fab Lab smiðjan skuldbindur sig til að halda námskeið sem tengjast stafrænni framleiðslutækni og nýsköpun fyrir almenning. Fab Lab smiðjan sér til þess að nemendur og kennarar í grunn- og framhaldsskólum ásamt almenningi og fyrirtækjum fái aðgang að smiðjunni samkvæmt nánara samkomulagi.

3. gr.

Fjárhagslegt framlag atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið greiðir árlega 4 milljónir króna á samningstímanum til Akraneskaupstaðar, alls 12.000.000 kr. Þessir fjármunir verða nýttir til að reksturs Fab Lab Vesturland. Greitt verður af fjárlagalið 04-528 í tveimur jöfnum greiðslum á ári; 1. mars kr. 2.000.000 og 1. september kr. 2.000.000.

4. gr.

Nánar um greiðslur atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis

Ráðuneytið leggur fjárhæðir samkvæmt samningi þessum inn á bankareikning í xxxbanka xxx-xx-xx. Reikningseigandi er Akraneskaupstaður, kt. 410169-4449.

Fjárhæðir í samningnum eru settar fram með fyrirvara um að taki fjárheimildir málasviðs og málaflokks breytingum í fjárlögum, sem hafi för með sér breytta fjárveitingu til verkefnisins munu samningsaðilar taka upp viðræður um aðlögun verkefnisins að breyttri fjárveitingu. Ef gerðar eru

AKG
SF6

almennar aðhaldskröfur af hálfu ríkisins til tiltekins málaefnasviðs þá er ráðuneytinu heimilt að gera sömu kröfur til aðhalds í rekstri verkefna sem falla undir málaflokk samningsaðila.

5. gr.

Markmiðssetning, árangursmat og eftirlit með rekstri

Fab Lab Vesturland skilgreinir markmið starfseminnar og gerir grein fyrir mælikvörðum árangurs. Til að fá samanburðarhæfar upplýsingar um starfsemi smiðja um allt land verða skilgreindir lykilmælikvarðar sem gera þarf grein fyrir í ársuppgjörum.

Niðurstöður reksturs og árangursmats Fab Lab Vesturland skulu birtar í árlegri skýrslu sem send er samningsaðilum fyrir 15. febrúar ár hvert og skal hún jafnframt liggja frammi á heimasíðu smiðjunnar.

6. gr.

Svæðisbundið samstarf

Heimilt er að semja við fleiri aðila um þátttöku og samstarf um rekstur smiðjunnar s.s. hlutdeild í launa- og rekstrarkostnaði. Fab Lab Vesturland hefur frumkvæði að því að afla nýrra samstarfsaðila og annast samninga við þá.

7. gr.

Samningstími

Samningurinn er til þriggja ára og gildir frá undirritun til ársloka 2023. Ef misbrestur er á starfseminni eða rekstrinum hætt þá fellur þessi samningur úr gildi. Samningurinn leggur engar kvaðir á samningsaðila um framhald verkefnisins að samningstíma liðnum. Það er þó ásetningur samstarfsaðila að halda samstarfinu áfram til lengri tíma þannig að stafrænar smiðjur séu hluti af nýsköpunarþjónustu svæða.

8. gr.


Meðferð ágreiningsmála

Ef ágreiningur rís um framkvæmd samnings þessa eða túlkun hans, skulu aðilar reyna að leita allra leiða til að leysa ágreininginn með friðsamlegum hætti. Takist ekki að leysa ágreiningsmál, skal það rekið fyrir Héraðsdómi Vesturlands.


Samningurinn er undirritaður rafrænt. Aðilar hafa kynnt sér efni samningsins og hafa fullt umboð til að staðfesta hann með undirritun sinni.

Handwritten signatures and initials in blue ink, including "SFG" and other illegible marks.


Ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra


Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir

F.h. Akraneskaupstaðar


Sævar Freyr Þráinsson, bæjarstjóri

F.h. Breiðar þróunarfélags


Valdís Fjölvisdóttir, framkvæmdarstjóri

